



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 33/2024

## Fullyrðingar Olís ehf. um kolefnisjöfnun

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Neytendastofa sendi erindi til Olís ehf. með bréfi, dags. 14. apríl 2023, vegna ábendinga sem stofnuninni hafði borist og lutu að fullyrðingum um kolefnisjöfnun sem birtust á vefsíðu félagsins, olis.is. Um eftirfarandi fullyrðingar var að ræða:

*„Við greiðum helming á móti – Kolefnisjafnaðu eldsneytisviðskiptin“*

og

*„Olís kolefnisjafnar allan sinn rekstur“*

Af því tilefni vakti Neytendastofa athygli Olís ehf. á eftirliti stofnunarinnar með lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í lögnum sé fjallað um hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. sé lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta sé nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 4. mgr. 6. gr. laganna segi að fullyrðingar sem fram komi í auglýsingum eða með öðrum hætti þurfi fyrirtæki að geta fært sönnur á. Í 1. mgr. 8. gr. sé um það fjallað að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóti í bága við góða viðskiptahætti og raski verulega, eða séu líklegir til að raska verulega, fjárhagslegri hegðun neytenda. Í a. og b. liðum 1. mgr. 9. gr. komi fram að viðskiptahættir séu villandi ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar um eðli vöru eða þjónustu og hvort varan sé til eða þjónustan fyrir hendi og helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta megi af notkun hennar. Í 2. mgr. 9. gr. laganna komi fram að viðskiptahættir séu villandi ef ekki sé greint frá upplýsingum sem telja megi að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær séu til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytanda um að eiga viðskipti. Þá sé í 13. gr. laganna kveðið á um að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda.



Það sé álit Neytendastofu að framangreind ákvæði laga nr. 57/2005, kunni að eiga við um málið.

Með vísan til 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 fari Neytendastofa fram á að Olís sanni ofangreindar fullyrðingar, þ.e. hvernig og á hvaða hátt viðskiptavinir Olís geti kolefnisjafnað eldsneytiskaup sín og hvernig og á hvaða hátt Olís kolefnisjafni allan sinn rekstur?

## 2.

Svar Olís barst með bréfi, dags. 28. apríl 2023. Í bréfinu er tekið fram að er varði kolefnisjöfnun sé rétt að vísa til skilgreiningar á því hugtaki í lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 en þar sé kolefnisjöfnun skilgreind með eftirfarandi hætti:

*„Þegar aðili hlutast til um aðgerðir annars aðila til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og/eða binda kolefni úr andrúmslofti og notar staðfestingu á slíkum samdrætti eða bindingu til að jafna út sína eigin losun að hluta eða öllu leyti.“*

Olís hafi um langt árabil styrkt landgræðslu á Íslandi. Þannig hafi samvinnuverkefni Olís Landgræðslu ríkisins verið hrint af stað á árinu 1992 og árið 2002 hafi hafist samstarf við Skógræktarfélag Íslands. Á síðasta ári hafi verið undirritaður nýr samningur við Landgræðsluna um samstarf um landgræðslu meðal annars í þeim tilgangi að endurheimta vistkerfi og auka uppsöfnun kolefnis í gróðri og jarðvegi en um sé að ræða endurnýjun á samningi frá árinu 2019 sem sjá megi í fylgiskjali nr. 1. Í samningnum komi m.a. fram að Olís vilji með honum binda kolefni úr andrúmslofti á móti hluta af sinni starfsemi sem og olíu- og bensínnotkun þeirra viðskiptavina sem það kjósi. Sé þessu náð með því að auka framkvæmdagetu Landgræðslunnar til verkefna er hafi í för með sér bindingu kolefnis og stuðli að endurheimt vistkerfa. Í samningnum sé tekið fram að Landgræðslan skili Olís árlega yfirliti yfir áætlaða kolefnisbindingu sem komin sé til vegna hans.

Í samræmi við ofangreindan samning gefi Landgræðslan út yfirlýsingu til handa Olís um bindingu koltvísýringsígilda hvers árs og sé meðfylgjandi slík yfirlýsing vegna ársins 2021 en útreikningur liggja ekki enn fyrir vegna síðasta árs, sbr. fylgiskjal nr. 2. Olís hafi frá árinu 2019 látið Klappir Grænar Lausnir hf. gera sjálfbærniuppgjör á rekstri sínum þar sem reynt sé að reikna út heildarlosun á koltvísýringsígildum og sé styrkurinn til Landgræðslunnar miðaður við að jafna út þá losun.

Með vísan til þessa verði að telja ljóst að Olís kolefnisjafni eigin rekstur ef horft sé til þess hvernig það hugtak er skilgreint m.a. í íslenskum lögum. Rétt sé þó að taka sérstaklega fram að Olís haldi því hvergi fram að allur reksturinn sé kolefnisjafnaður þannig að kolefnishlutleysi sé náð.

Varðandi kolefnisjöfnun viðskiptavina sé þeim réttilega boðið að kolefnisjafna eldsneytisnotkun sína með einföldum hætti. Þannig geti þeir viðskiptavinir sem séu með



virkan Olíslykil og/eða kort skráð sig á heimasíðu félagsins og lækki þá fastur afsláttur um 2 krónur á lítra. Olís greiði svo 2. kr. á móti hverjum lítra sem renni síðan til Landgræðslunnar í samræmi við ofangreindan samning. Umrædd fjárhæð á lítra sé í samræmi við útreikninga Landgræðslunnar á kostnaði við að binda kolefni með endurheimt vistkerfa til jafns við það sem losnar með notkun eldsneytislítra. Samkvæmt útreikningum Landgræðslunnar hafi sá kostnaður numið 4,14 kr. á lítra árið 2022.

Meðfylgjandi svarbréfi félagsins séu yfirlýsingar frá Landgræðslunni vegna smærri viðskiptavina og svo vegna nokkurra stærri viðskiptavina sem nýti sér þessa leið til að kolefnisjafna eldsneytisnotkun sína.

### 3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 23. júní 2023, vísaði stofnunin í fyrra bréf stofnunarinnar og svarbréf félagsins frá 28. apríl 2023 og þær skýringar og athugasemdir sem þar var að finna.

Er lúti að því sem fram komi í svarbréfi félagsins að því sé hvergi haldið fram að allur rekstur félagsins sé kolefnisjafnaður sé rétt að benda á að á vefsíðu félagsins komi eftirfarandi fram:

*„Olís kolefnisjafnar allan sinn rekstur“*

*„Árið 2019 undirritaði Olís samning þess efnis að allur rekstur félagsins, akstur, flug og dreifing eldsneytis til viðskiptavina um allt land, verði kolefnisjafnaður. Verkefnið er unnið í samstarfi við Landgræðsluna.“*

Samkvæmt orðanna hljóðan verði framangreind umfjöllun að mati Neytendastofu ekki skilin öðruvísi en að félagið fullyrði um að allur rekstur þess sé kolefnisjafnaður.

Með vísan til framangreinds og á grundvelli 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 57/2005 fari Neytendastofa fram á að Olís afhendi þær rannsóknir sem félagið byggir framangreindar fullyrðingar á, þ.m.t. útreikninga Landgræðslunnar og forsendur fyrir þeim kostnaði við að binda kolefni til jafns við það sem losni með notkun eldsneytislítra, og eftir atvikum á hvaða rannsókn/gögnum félagið byggir að hægt sé að kolefnisjafna stakan eldsneytislítra eða stök eldsneytiskaup. Þá óski stofnunin eftir staðfestingu á því í hvaða verkefni Landgræðslu ríkisins framlag viðskiptavina Olís hafi farið og staðfestingu á að þau verkefni séu sannanlega farin að binda kolefni úr andrúmsloftinu. Þá óski stofnunin eftir þeim rannsókn/gögnum sem félagið styðji þá fullyrðingu að félagið kolefnisjafni allan rekstur sinn við, þ.m.t. á hvaða rannsókn/gögnum útreikningar Landgræðslu ríkisins um loftslagsávinning byggir.

### 4.

Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 7. júlí 2023. Þar kom fram að búið væri að breyta orðalagi á heimasíðu Olís með eftirfarandi hætti eftir ábendingu í bréfi Neytendastofu. Þannig



standi nú „*Olís kolefnisjafnar eigin rekstur*“ þar sem áður hafi staðið „*Olís kolefnisjafnar allan sinn rekstur*“.

Einnig sé búið að breyta orðalagi í texta fyrir neðan þá fyrirsögn þannig að orðið „*allur*“ hafi verið tekið út.

Líkt og tekið hafi verið fram í bréfi félagsins þann 28. apríl sl. hafi því ekki verið haldið fram að Olís ehf. kolefnisjafni rekstur sinn þannig að kolefnishlutleysi sé náð í skilningi laga um loftslagsmál nr. 70/2012. Olís vinni hins vegar réttilega að því að kolefnisjafna rekstur sinn. Sé það m.a. gert með umræddum samningi við Landgræðsluna.

Í bréfi Neytendastofu þann 23. júní sl. sé óskað eftir því að Olís útvegi frekari gögn varðandi umræddan samning og því sé meðfylgjandi minnisblað frá Landgræðslunni sem tekið hafi verið saman af þessu tilefni.

Í minnisblaði Landgræðslunnar kom m.a. fram að sumarið 2019 hafi Landgræðslan og Olís skrifað undir samstarfssamning um landgræðsluáðgerðir sem myndu m.a. stuðla að loftslagsávinningi. Nýr samningur til fimm ára hafi verið undirritaður sumarið 2022 en þá hafi verið gerð viðbót um stuðning fyrirtækisins við endurheimt birkivistkerfa. Markmið Olís með samningnum sé að binda kolefni úr andrúmslofti með endurheimt vistkerfa á mótí rekstri fyrirtækisins og þeirra viðskiptavina sem það kjósi. Markmið Landgræðslunnar sé að auka umfang verkefna sem stuðli að endurheimt vistkerfa sem muni veita fjölbreytta vistkerfaþjónustu s.s. að binda kolefni úr andrúmslofti og sé það í samræmi við aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og lög um landgræðslu. Samningur sem þessi styðji því við að markmið í landgræðslu og loftslagsmálum náist.

Olís styðji einnig sérstaklega við söfnun og dreifingu á birkifræi og styðji þannig endurheimt birkiskóga Íslands í samræmi við þátttöku Íslands í Bonn áskoruninni. Almenn söfnun á birkifræi gefi almenningi tækifæri til að leggja endurheimt birkiskóga, og þar með loftslags- og umhverfismálum, lið.

Í bréfi Landgræðslunnar komi fram hvaða breytur væru notaðar til útreiknings á kostnaði við að binda kolefni með endurheimt vistkerfa til jafns við það sem losnar með notkun eldsneytislítra. Kostnaðurinn sé aðeins breytilegur á milli ára en meðalkostnaður við loftslagsávinning á mótí hverjum lítra af eldsneyti sé 4,1 kr. á verðlagi ársins 2022. Það beri þó að leggja áherslu á að þessi kostnaður eigi aðeins við sambærilega leið og Olís kjósi að fara. Ef fyrirtæki vilji t.d. fá afmarkað svæði sem sé gert upp sérstaklega aukist kostnaðurinn verulega vegna aukinnar umsjónar við svæði og sértækar mælingar á loftslagsávinningi.

Hvað varði losun frá rekstri Olís ehf. þá hafi Landgræðslan fengið upplýsingar um losun koltvísýringsígilda í tonnum sem byggji á sjálfbærniuppgjöri frá fyrirtækinu Klappir Grænar lausnir hf. og umfang endurheimtar byggji á þeim upplýsingum. Notaðar séu sömu forsendur



fyrir kostnaði og lýst sé í meðfylgjandi töflu, þ.e. 1.618 kr. á hvert tonn koltvísýringsígilda. Vegna losunar frá rekstri Olís hafi t.d. verið endurheimtir tæplega 20 hektarar árið 2022.

Samkvæmt samningi Olís ehf. og Landgræðslunnar sé eingöngu unnið með svæði sem séu eign ríkissjóðs eða í samningsbundinni umsjá Landgræðslunnar. Landgræðslan hafi umsjón með framkvæmdum á hverju landgræðslusvæði. Að sama skapi ákveði stofnunin í hvers konar landgræðsluframkvæmdir skuli ráðast á hverju svæði fyrir sig. Lögð sé áhersla á endurheimt þurrlandisvistkerfa, birkiskóga og votlendis. Samningurinn geri Landgræðslunni mögulegt að auka árlegt umfang aðgerða innan þessara svæða.

Landgræðslan skrái aðgerðir í gagnagrunna og tryggi að kolefnisbinding sé metin skv. mælikerfi stofnunarinnar. Landgræðslan reki kerfi mæltreita á landgræðslusvæðum þar sem kolefni sé mælt í jarðvegi og gróðri á tilteknu árabili. Þannig fáiast raunmæling á bindingu kolefnis með landgræðslu. Unnið sé að því að uppfæra stuðla IPCC með íslenskum rauntölum út frá þessum gögnum.

Ef tekið sé dæmi um umfang aðgerða þá bindi t.d. hver hektari endurheimts mólendis 126 tonn koltvísýringsígilda í 60 ára bindilotu. Þannig þurfi t.d. á móti losun á hverjum 1.000 tonnum koltvísýringsígilda að endurheimta 7,9 hektara mólendis.

Af þessum aðgerðum hljótist loftslagsávinningur sem sé talinn fram árlega í skýrslu um loftslagsbókhald Íslands sem hægt sé að skoða á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun stýri gerð og útgáfu og séu skýrslurnar efnislega rýndar og sannreyndar af UNFCCC. Nýjasta skýrslan hafi verið gefin út í apríl 2023 og í henni sé fjallað um loftslagsbókhald Íslands á árunum 1990 til 2021. Þar á meðal sé fjallað um hlut landgræðslu en árlega sé hún talin til breytinga í landnotkun og talin fram sem loftslagsávinningur.

Unnið sé að breytingu á aðferðafræði sem byggi á því að flokkun landgerða geti breyst verði breytingar á ástandi, t.d. graslendi breytt í votlendi eða ógrónu landi breytt í graslendi/skóglendi. Þá sé einnig verið að uppfæra bindistuðla og einhverjir þeirra séu komnir í notkun nú þegar t.d. fyrir birkivistkerfi. Í þeim tilvikum sé binding meiri í vistkerfunum en hingað til hafi verið miðað við. Enn um sinn verði þó notast við eldri bindistuðlana í samningum sem þessum svo tryggt sé að áhrif þeirra verði ekki ofmetin.

## 5.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 7. nóvember 2023, var tilkynnt um að vegna fjölda fyrirbyggjandi mála væru fyrirséðar tafir á afgreiðslu málsins.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 11. apríl 2024, var vísað í fyrri bréf stofnunarinnar og farið yfir svarbréf Olís og minnisblað Landgræðslunnar, sem var meðfylgjandi svarbréfi félagsins.



Líkt og fram hafi komið í svörum félagsins sé kolefnisjöfnun skilgreind í 7. tl. 3. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál. Þar komi fram að kolefnisjöfnun sé „Þegar aðili hlutast til um aðgerðir annars aðila til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og/eða binda kolefni úr andrúmslofti og notar staðfestingu á slíkum samdrætti eða bindingu til að jafna út sína eigin losun að hluta eða öllu leyti.“ Samkvæmt framangreindri skilgreiningu verði að liggja fyrir viðurkennd staðfesting á samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda eða bindingu frá öðrum óháðum aðila. Þá verða verkefni að hafa raunverulegan loftslagsávinning í för með sér og þ.a.l. þarf að vera um raunverulegan, mælanlegan og varanlegan árangur að ræða sem er raunveruleg viðbót (árangur hefði ekki komið til án kaupa á kolefniseiningum).

Í svörum Olís hafi m.a. komið fram að félagið hafi um árábil styrkt landgræðslu á Íslandi og vísar í þeim efnunum til sammings við Langreiðslu ríkisins sem hafi verið meðfylgjandi svarbréfi félagsins, dags. 28. apríl 2023. Í samningnum komi m.a. fram að félagið vilji binda kolefni úr andrúmslofti á móti hluta af starfsemi sinni. Samkvæmt samningnum sé stefnt að því að auka framkvæmdagetu Landgræðslunnar til verkefna er hafa í för með sér bindingu CO<sup>2</sup> og stuðli að endurheimt vistkerfa og auki möguleika Landgræðslunnar til að sinna brýnum, lögbundnum verkefnum. Þá komi fram að samningurinn veiti félaginu engan einkarétt á aðgerðum og/eða kolefnisbindingu á hinum sammingsbundnu svæðum og myndi engin eignaréttindi. Enn fremur komi fram að hið sammingsbundna land, hvar kolefnisjöfnun fari fram, sé eign Ríkissjóðs Íslands og/eða í sammingsbundinni umsjá Landgræðslunnar.

Í gr. 3.3 sammingsins sé jafnframt kveðið á um að kolefnisbindingu sem samningurinn taki til sé Olís heimilt að telja sér og/eða viðskiptavinum sínum til tekna á gildistíma sammingsins. Að þeim tíma liðnum renni sú heimild til landeiganda, endurgjaldslaust. Neytendastofa óski eftir nánari skýringu á hvað felist í umræddu ákvæði og þá sérstaklega með hliðsjón af kröfu um varanleika kolefniseininga sem vísað sé til við fullyrðingar um kolefnisjöfnun.

Með svarbréfi félagsins, dags. 7. júlí 2023, hafi fylgt óundirritað minnisblað Landgreiðslunnar til Olís, dags. 30. júní 2023, vegna fyrirspurnar Neytendastofu. Í minnisblaðinu komi m.a. fram að leggja verði áherslu á að sá kostnaður sem þar sé gerð grein fyrir eigi aðeins við um sambærilega leið og Olís kjósi að fara en ef félagið vilji t.d. fá afmarkað svæði sem gert sé upp sérstaklega aukist kostnaðurinn verulega vegna aukinnar umsjónar við svæði og sérstakrar mælingar á loftslagsávinningi. Þá komi einnig fram að einvörðungu sé unnið með svæði sem séu í eign Ríkissjóðs eða í sammingsbundinni umsjá Landgræðslunnar.

Að ofangreindu virtu virðist félagið því ekki fjárfesta í viðurkenndum, vottuðum, kolefniseiningum frá þriðja aðila heldur felist í samningi félagsins og Landgræðslunnar samstarf sem feli í sér framlag félagsins í formi fjármagns til starfsemi og rekstrar Landgreiðslunnar. Þá telji Neytendastofa að einnig sé vafi fyrir hendi hvort um raunverulega viðbót sé að ræða enda kveðið á um í umræddum samningi að framlag Olís komi einvörðungu til að auka möguleika Landgræðslunnar til að sinna brýnum, lögbundnum, verkefnum. Að sama skapi sé einvörðungu unnið með svæði sem séu eign Ríkissjóðs eða í sammingsbundinni



umsjá Landgræðslunnar og þar sem ekki sé unnið með sérafmarkað svæði sé að mati Neytendastofu vafi á að um mælanlegan loftslagsávinning sé að ræða.

Með vísan til framangreinds og með hliðsjón af því að félagið virðist ekki fjárfesta í viðurkenndum, vottuðum, kolefniseiningum og að um framtíðarkolefnisbindingu, en ekki raungerða, virðist vera að ræða, óski Neytendastofa eftir afstöðu félagsins til þess hvort að félagið telji fullyrðingar þess um að hægt sé að kolefnisjafna eldsneytiskaup hjá félaginu og að félagið kolefnisjafni eigin rekstur samræmist þeim verkefnum sem liggja þar að baki og þeim skilningi sem hinn almenni neytandi leggur í hugtakið „*kolefnisjöfnun*“.

## 6.

Svar barst Neytendastofu með tölvupósti, mótt. 10. maí 2024. Í tölvupóstinum er tekið fram að málið hafi verið í skoðun hjá Olís sem hafi nú gert tilteknar breytingar á heimasíðu félagsins og öðru markaðsefni. Þannig hafi orðalagi verið breytt og meðal annars sé nú talað um kolefnisbindingu í stað kolefnisjöfnunar.

Telji Olís þessar breytingar í samræmi við þá hröðu þróun sem sé að eiga sér stað í hugtakanotkun í tengslum við sjálfbærnimál.

Að öðru leyti en ofan greinir var bréfi Neytendastofu frá 11. apríl 2024 ekki svarað efnislega í tölvupósti félagsins.

## 7.

Með tölvupósti Neytendastofu, sendur 16. maí 2024, tilkynnti stofnunin Olís að stofnunin teldi gagnaöflun málsins lokið og að það yrði nú tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

Með bréfi, dags. 26. júlí 2024, tilkynnti Neytendastofa að vegna fjölda fyrirbyggjandi mála og sumarleyfa væru fyrirséðar tafir á afgreiðslu málsins.

## II.

### Niðurstaða

#### 1.

Mál þetta lýtur að fullyrðingum Olís ehf. um kolefnisjöfnun sem birtar voru á vefsíðu félagsins, olis.is. Umræddar fullyrðingar eru svohljóðandi:

*„Við greiðum helming á móti – Kolefnisjafnaðu eldsneytisviðskiptin“*

og

*„Olís kolefnisjafnar allan sinn rekstur“*



Í bréfum Neytendastofu hefur komið fram að stofnunin telji að ákvæði 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., a. og b. liðar 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., auk 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, kunni að eiga við um málið.

Í svörum félagsins hefur komið fram að félagið hafi um langt árabil styrkt landgræðslu á Íslandi með samvinnuverkefni félagsins og Landgræðslu ríkisins. Með vísan til þess verði að telja ljóst að Olís kolefnisjafni eigin rekstur sé horft til þess hvernig það hugtak sé skilgreint, m.a. í íslenskum lögum. Þá hefur félagið vísað til skilgreiningar á „*kolefnisjöfnun*“ sem er að finna í lögum um loftslagsmál og telur að fullyrðingar félagsins hafi verið í samræmi við þá skilgreiningu.

Undir rekstri málsins tók félagið út fullyrðingar sínar um kolefnisjöfnun og vísar nú til kolefnisbindingar og telur að þær breytingar séu í samræmi við þá hröðu þróun sem sé að eiga sér stað í hugtakanotkun í tengslum við sjálfbærnimál.

## 2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna er kveðið á um það að fyrirtæki skuli geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum þeirra. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr., sem er í III. kafla, er svohljóðandi:

*„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“*

Ákvæðinu er ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra





um að eiga viðskipti. Í erindi Neytendastofu var vísað til a. og b. liðar 1. mgr. 9. gr. laganna, þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

*„a. eðli vöru eða þjónustu og hvort varan sé til eða þjónustan fyrir hendi,  
b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar, [...]“*

Þá segir í 2. mgr. 9. gr. laganna:

*„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.“*

Samkvæmt ákvæðinu teljast viðskiptahættir villandi ef fyrirtæki leynir upplýsingum sem skipta máli við ákvörðun um að eiga viðskipti eða þær eru veittar á óljósan eða margræðan hátt. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr.

Enn fremur er í 13. gr. laganna kveðið á um að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

### 3.

Þær fullyrðingar sem eru undir í máli þessu snúa að vísun til kolefnisjöfnunar. Skilgreiningu á kolefnisjöfnun er að finna í 7. tl. 3. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, og er hún svohljóðandi:

*„Þegar aðili hlutast til um aðgerðir annars aðila til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og/eða binda kolefni úr andrúmslofti og notar staðfestingu á slíkum samdrætti eða bindingu til að jafna út sína eigin losun að hluta eða öllu leyti.“*

Líkt og ráða má af ofangreindu er skilgreining á kolefnisjöfnun bæði opin og almenn en vísun til þess að aðgerðir aðila til að draga úr losun og/eða bindingu kolefnis úr andrúmslofti þurfi að vera staðfest er lykilatriði við túlkun á framangreindri skilgreiningu.

Staðlaráð Íslands gaf árið 2022 út tækniforskrift þar sem m.a. „kolefnisjöfnun“ er skilgreind en um er að ræða ÍST TS 92:2022 sem ber heitið „Kolefnisjöfnun: Kröfur með leiðbeiningum.“ Tækniforskriftin hefur ekki eiginlegt lagagildi en er til leiðsagnar um hvernig túlka beri hugtakið „kolefnisjöfnun“. Í tækniforskriftinni er kolefnisjöfnun skilgreind á eftirfarandi hátt (tækniforskriftin er einvörðungu gefin út á ensku):



*„measures in order to compensate for significant outstanding GHG emissions with retirement of carbon credits after the organization has undertaken all reasonable reduction measures.“*

Þá er kolefniseining (e. carbon credit/ex-post) skilgreind á eftirfarandi hátt:

*„a unique transferrable instrument issued electronically in a centralized registry representing a GHG emission mitigation in an amount of one (1) metric tonne of CO<sub>2</sub>-eq, that has been verified in that its impacts are real and can be used for offsetting emissions by organizations.“*

Líkt og ofan greinir eru tveir mikilvægir þættir kolefnisjöfnunar, samkvæmt tækniforskriftinni, að fyrst sé gripið til allra sanngjarnra og viðeigandi úrræða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og að kolefniseining sem nýtt er til kolefnisjöfnunar sé raunveruleg (staðfest).

Umhverfisstofnun hefur einnig gefið út leiðbeiningar um kolefnisjöfnun fyrir opinbera aðila en Umhverfisstofnun fer með leiðbeiningarskyldu og hefur eftirlit með að stofnanir ríkisins, fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins og sveitarfélög setji sér loftslagsstefnu, sbr. 5. gr. c. laga nr. 70/2012. Í leiðbeiningunum kemur jafnframt fram að leiðbeiningarnar gagnist öllum þeim sem vilji leggja sitt af mörkum til loftslagsbáráttunnar, hvort sem það eru einstaklingar, fyrirtæki, sveitarfélög, félagasamtök eða aðrir.

Í leiðbeiningunum kemur fram að með nokkurri einföldun megi segja að kolefnisjöfnun felist í því að einstaklingar eða lögaðilar bæti fyrir eigin losun gróðurhúsalofttegunda með því að fjármagna verkefni sem a) koma í veg fyrir losun á samsvarandi magni gróðurhúsalofttegunda annars staðar eða b) fjarlægja samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda úr andrúmsloftinu.

Þá kemur fram í leiðbeiningunum að viðmið við kaup á kolefniseiningum séu eftirfarandi:

*„Raunverulegur árangur – verkefni fer sannanlega fram og ber tilskilinn árangur.  
Mælanlegur árangur – unnt er að mæla árangur með viðurkenndum aðferðum.  
Varanlegur árangur – árangur af verkefni er varanlegur og gengur ekki til baka.  
Er viðbót – árangur hefði ekki komið til án kaupa á kolefniseiningum.  
Ráðstafanir til að koma í veg fyrir tvítalningu – árangur af verkefni er aðeins nýttur einu sinni til kolefnisjöfnunar.  
Verkefni leiðir ekki til kolefnisleka – árangur byggist ekki á því að losun flytjist annað.  
Óháð vottun – óháður vottunaraðili staðfestir árangur af verkefni.“*

Með hliðsjón af ofangreindu og að teknu tilliti til þess að skilgreiningar á kolefnisjöfnun og kolefniseiningum eru almennt viðurkenndar í dag af fræðimönnum er það álit Neytendastofu að fyrir verði að liggja viðurkennd staðfesting á samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda eða



binding frá öðrum óháðum aðila, þ.e. kolefniseining verður að vera vottuð/staðfest til þess að unnt sé að nýta hana til kolefnisjöfnunar. Þá verða verkefni er snúa bindingu kolefnis úr andrúmsloftinu að hafa raunverulegan loftslagsávinning í för með sér og þ.a.l. þarf að vera um raunverulegan, mælanlegan og varanlegan árangur að ræða sem er raunveruleg viðbót (árangur hefði ekki komið til án viðkomandi verkefnis).

Að framangreindu virtu er það álit Neytendastofu að fullyrðingar fyrirtækja um kolefnisjöfnun geti verið villandi og óréttmætar gagnvart neytendum ef þær aðgerðir sem fyrirtæki stuðla að uppfylla ekki ofangreind viðmið og skilgreiningu á kolefnisjöfnun. Að sama skapi er það álit stofnunarinnar að með hliðsjón af ofangreindu sé eðli málsins samkvæmt ekki hægt að fullyrða um kolefnisjöfnun fyrr en kolefnisbinding hefur átt sér stað með sannanlegum hætti.

Ef fyrirtæki hyggjast notast við umhverfisfullyrðingar í markaðsefni sínu verða slíkar fullyrðingar að vera réttar, skýrar og orðaðar á þann hátt að hinn almenni neytandi skilji þær, sbr. a. og b. lið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Þá má ekki sleppa mikilvægum upplýsingum er tengjast fullyrðingunum í markaðsefni og verða fyrirtæki að geta fært sönnur á fullyrðingarnar, sbr. 4. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005.

Líkt og að ofan greinir eru fullyrðingar þær sem eru undir í fyrirbyggjandi máli eftirfarandi:

„,Við greiðum helming á móti – Kolefnisjafnaðu eldsneytisviðskiptin“

og

„Olís kolefnisjafnar allan sinn rekstur“

Undir rekstri málsins breytti félagið seinni fullyrðingunni á þann hátt að „allan sinn“ var fellt út fyrir „eigin“. Í bréfum Neytendastofa var gerð athugasemd við breytta fullyrðingu félagsins enda taldi stofnunin þá fullyrðingu af sama meiði og þá fyrri og óskaði stofnunin því eftir afstöðu félagsins til fullyrðingarinnar.

Í svörum félagsins hefur komið fram að félagið hafi unnið í samstarfi við Landgræðslu ríkisins meðal annars í þeim tilgangi að endurheimta vistkerfi og auka uppsöfnun kolefnis í gróðri og jarðvegi. Með samstarfinu vilji Olís hlutast til um að binda kolefni úr andrúmslofti á móti hluta af sinni starfsemi sem og olíu- og bensínnotkun þeirra viðskiptavina sem það kjósi. Sé þessu náð með því að auka framkvæmdagetu Landgræðslunnar til verkefna er hafi í för með sér bindingu kolefnis og stuðli að endurheimt vistkerfa.

Undir rekstri málsins hefur komið fram að samstarf Olís og Landgræðslunnar kveði á um að kolefnisbindingu sem samningurinn taki til sé Olís heimilt að telja sér og/eða viðskiptavinum sínum til tekna á gildistíma samningsins en að þeim tíma liðnum renni sú heimild til landeiganda, endurgjaldslaust. Þess er að geta að samningur Olís og Landgræðslunnar er einvörðungu til fimm ára og rennur því út í júlí 2027. Þá kemur sömuleiðis fram að



samningurinn veiti félaginu ekki einkarétt á aðgerðum og/eða kolefnisbindingu á hinum sammingsbundnu svæðum og myndi engin eignaréttindi. Að því virtu telur Neytendastofu að ekki sé um varanlegar kolefniseiningar að ræða, sbr. umfjöllun að ofan.

Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa einnig að ekki hafi verið sýnt fram á með gögnum að um raunverulega viðbót sé að ræða enda kveðið á um í umræddum samningi að framlag Olís komi einvörðungu til að auka möguleika Landgræðslunnar til að sinna brýnum, lögbundnum, verkefnum. Að sama skapi er einvörðungu unnið með svæði sem eru eign Ríkissjóðs eða í sammingsbundinni umsjá Landgræðslunnar og þar sem ekki er unnið með sérafmarkað svæði hefur að mati Neytendastofu ekki verið sýnt fram á með gögnum að um mælanlegan loftslagsávinning sé að ræða.

Að ofangreindu virtu er það álit Neytendastofu að gögn málsins beri með sér að Olís hafi ekki fjárfest í viðurkenndum, vottuðum, kolefniseiningum frá þriðja aðila heldur felist í samningi félagsins og Landgræðslunnar samstarf sem felur í sér fjárframlag Olís til starfsemi og rekstrar Landgræðslunnar enda engum gögnum til að dreifa sem sýna fram á að í samstarfinu felist kaup/sala á vottuðum, raungerðum kolefniseiningum.

Það að fyrirtæki vilji huga að umhverfinu, stuðla að kolefnisbindingu og bjóða neytendum að taka þátt í þeirri vegferð er vel og í raun nauðsynlegt til að ná fram settum markmiðum í loftslagsmálum. Það er hins vegar óumdeilt að útblástur bifreiða og notkun jarðefnaeldsneytis er skaðlegt fyrir umhverfið og verður því að gera ríkar kröfur til fullyrðinga félaga sem hafa um hendur viðskipti með eldsneyti. Neytendastofa telur jafnframt að þegar fyrirtæki nota að eigin frumkvæði fullyrðingar með skírskotun til jákvæðra eða hlutlausra umhverfisáhrifa við markaðssetningu á vöru og/eða þjónustu þá verði slíkar fullyrðingar að vera settar fram á skýran, nákvæman og ótvíræðan hátt. Enn fremur verða slíkar fullyrðingar að vera studdar fullnægjandi gögnum. Almennt má gera þá kröfu að því almennari sem slíkar fullyrðingar eru þeim mun ríkari kröfur verði að gera til þess að færðar séu fullnægjandi sönnur á fullyrðingarnar og að framsetning þeirra sé ekki villandi.

Fullyrðingar Olís eru afdráttarlausar en í sama stað óljósar enda því haldið fram að neytendur geti kolefnisjafnað eldsneytisviðskipti án þess að útskýrt sé nánar hvað felist í þeirri fullyrðingu. Þá hélt félagið því fram að það kolefnisjafni „*allan sinn rekstur*“. Að mati Neytendastofu er því engum vafa undirorpið að með fullyrðingunum sé ætlað að vekja þau hughrif hjá neytendum að þeir séu að kjósa umhverfisvænni kost eða að stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfið með því að eiga viðskipti við félagið. Þá kemur jafnan til skoðunar hvernig upplýsingar eru settar fram í markaðssetningu, hvaða viðbótarupplýsingar, sem kunna að styðja við fullyrðingar, eru veittar og hvar þær er að finna og hvaða skilning hinn almenni neytandi leggur í fullyrðingarnar. Félagið veitir neytendum hins vegar ekki þær upplýsingar að í raun séu neytendur að styðja óvottað verkefni enda ekki um sölu á vottuðum og raungerðum kolefniseiningum að ræða. Líkt og að framan greinir má segja að fjárframlag Olís til Landgræðslu ríkisins hafi allan búning þess að vera hefðbundið fjárframlag til starfsemi og



rekstrar Landgræðslunnar en sé ekki komið til vegna kaupa á kolefniseiningum sem nýta megi til kolefnisjöfnunar, enda hefur það komið fram undir rekstri málsins að félagið hafi um árabíl „styrkt“ landgræðslu á Íslandi. Telja verður að slíkar upplýsingar skipti neytendum almennt séð miklu máli. Þá er það álit Neytendastofu að með fullyrðingu sinni um að hægt sé að kolefnisjafna eldsneytisviðskipti hafi félagið veitt neytendum rangar upplýsingar um bæði eðli þeirrar vöru sem það selur sem og helstu einkenni hennar enda ljóst að kolefnisjöfnun hefur ekki átt sér stað þegar viðskiptavinur ákveður að eiga viðskipti við félagið og veita hluta afsláttarkjara sinna til Landgræðslu ríkisins.

Þá er það álit Neytendastofu að framsetning fullyrðingar Olís, þ.e. að hægt sé að kolefnisjafna eldsneytisviðskipti veki hugrenningatengsl hjá hinum almenna neytanda milli kolefnisjöfnunar annars vegar, eða þess framlags sem Olís greiðir fyrir hönd neytenda til Landgræðslunnar, og hins vegar þess að akstur þeirra sé með öllu skaðlaus fyrir umhverfið. Samkvæmt gögnum málsins er hins vegar ljóst að ekki er hægt að sýna fram á að akstur viðskiptavina félagsins sé kolefnisjafnaður, sé það yfirhöfuð hægt, enda ekki um vottaðar, aðgreindar og raungerðar kolefniseiningar að ræða.

Með vísan til alls framangreinds er það álit neytendastofu að hinn almenni neytandi leggi þann skilning í fullyrðinguna um að hægt sé að kolefnisjafna eldsneytisviðskipti þeirra við Olís, með því að gefa eftir hluta afsláttarkjara sinna, að notkun þess eldsneytis sem keypt er sé að fullu kolefnisjöfnuð þegar raunin er sú að ekki er hægt að sýna fram á slíka kolefnisjöfnun með gögnum. Það er álit Neytendastofu að bæði sú fullyrðing sem og fullyrðing félagsins um að það kolefnisjafni allan sinn rekstur séu villandi gagnvart hinum almenna neytanda og ekki studdar viðhlítandi gögnum og gefi þannig neytendum ranglega til kynna að eldsneytiskaup hans og/eða eldsneytisnotkun hafi engin eða í það minnsta kosti minni áhrif á umhverfið og sé þannig líkleg til að hafa áhrif á ákvörðun hins almenna neytanda um að eiga viðskipti við félagið.

Að öllu ofangreindu virtu er það álit Neytendastofu að notkun og framsetning þeirra fullyrðinga sem um ræðir í þessu máli séu villandi og óréttmætar gagnvart neytendum. Telur Neytendastofa að notkun umræddrar fullyrðinga brjóti gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., a. og b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9 gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

Þar sem Olís ehf. hefur látið af notkun hinna ólögsmætu fullyrðinga telur Neytendastofa ekki þörf á að beita banni eða öðrum úrræðum, sbr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005.



### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Olís ehf., Skútuvogi 5, 104 Reykjavík, hefur með notkun fullyrðinganna „Við greiðum helming á móti – Kolefnisjafnaðu eldsneytisviðskiptin“ og „Olís kolefnisjafnar allan sinn rekstur“ í markaðs- og kynningarefni félagsins brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., a. og b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“**

Neytendastofa, 18. nóvember 2024

Þórunn Anna Árnadóttir  
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir